



Reykjavík 4. júní 2023

Efni: Umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar um virðisaukaskattur og kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða, mál 917

Samtök ferðaþjónustunnar – SAF vísa í frumvarp, fjármálaráðherra um virðisaukaskatt og kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða þar sem m.a. er verið að fella brott 1. mgr. 22. gr. laga um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða

Samtök ferðaþjónustunnar, fyrir hönd ökutækjaleiga eru því algerlega mótfallin að 1. mgr. 22 gr. verði felld brott og benda á eftirfarandi atriði því til stuðning.

- **Jafnræði** – ökutækjaleigur eru í samkeppni við rekstrarleiguaðila á markaði með bíla í langtímaleigu. Rekstrarleiguaðilar geta vellt KM gjaldi yfir á umráðamann án VSK á meðan ökutækjaleigur munu ekki geta slíkt verði 13. gr. frumvarpsins samþykkt. KM gjald hjá bílaleigum verður því 24% hærra en hjá rekstrarleiguaðilum. Það er ekkert jafnræði falið í því.
- **Gjaldið átti ekki að mynda stofn til VSK** – í greinargerð og skýringum um 13. gr. frumvarpsins kemur fram að 1. mgr. 22. gr laganna sé óþarfi og geti leitt til misskilnings hjá virðisaukaskattskyldum aðilum eins og bílaleigum. Mikilvægt er að benda á að þegar frumvarp til laga um kílómetragjald lá fyrir Alþingi haustið 2023 áttu fulltrúar bílaleiga fund með þáverandi fjármálaráðherra og formanni efnahags- og viðskiptanefndar þar sem fram kom að gjaldið myndi ekki mynda stofn til virðisaukaskatts einmitt vegna samkeppnisstöðu gagnvart rekstrarleigum.
- **Þeir greiða sem njóta** – Hugmyndafræði stjórnvalda að baki kílómetragjaldi er að þeir greiða sem njóta. Ef þessi hugmyndafræði á að ná fram að ganga verða bílaleigur að geta innheimt gjaldið af sínum viðskiptavinum með einföldum og sanngjörnum hætti þannig að viðskiptavinur viti nákvæmlega hvað hann er að greiða fyrir hvort sem hann leigi bíla hjá A eða B eða rekstrarleigufyrirtækjum.

Með ofangreind atriði í huga leggja samtökin til að 13. grein verði felld brott úr því frumvarpi sem fyrir liggur. Ljóst er að verkefnastjórn um kílómetragjald er að vinna að tillögum sem munu fella öll ökutæki undir lög um kílómetragjald og mikilvægt í því samhengi að vinna vel með bílaleigum, sem ekki eru beinir notendur vegakerfisins en eru með tæplega 10% bílaflotans hér á landi í sinni umsjá.

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaðjónustunnar

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Gunnar Valur Sveinsson". The signature is stylized and somewhat cursive.

Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri